



Guðrún Ólafsdóttir

Fædd 27. október 1941

Dáin 5. janúar 2021

Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 15. janúar 2021

Forspil

Barn

Ragnar Bjarnarson

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.



Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjórnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lowell Mason

Sarah F. Adams. Matthías Jochumsson

Ritningarlestur

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,
á sjónum allar báruur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hliðum.

Ó! heilsað öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði;
kyssi þið, báruur! bát á fiskimiði,
blási þið, vindar! hlýtt á kinnnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu;
þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Ingi T. Lárusson

Jónas Hallgrímsson

Guðspjall

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

*Heiðarbóli ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.*

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starð með spyrjandi þrá.
Skyldi ei dýrðin í geim
bera af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á ?

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey,
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Daniel E. Kelley

Friðrik A. Friðriksson

Minningarorð

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

P. C. Krossing

Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

P. C. Krossing

Matthías Jochumsson

Bæn - Faðir vor

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
þakkarklökkva kveðjugjörð,
kveð ég líf þitt, móðir jörð.
Móðir bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

Bjarni Þorsteinsson

Sigurður Jónsson frá Arnarvatni.



Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Pannig týnist tíminn

Bjartmar Guðlaugsson

Séra Bjarni Þór Bjarnason jarðsyngur

Organisti: Viðar Guðmundsson

Kvintett: Axel Eyfjörð Friðriksson, Halldór Hallgrímsson,

Inghór Bergmann Þórhallsson, Sveinn Arnar Sæmundsson

og Ingimundur Jóhannsson

Umsjón útfarar annast Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

Jarðsett verður í Prestbakkakirkjugarði